

L Ö G

88

27. des.

um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „10%“ í 2. málslíð 26. gr. laganna komi: 3%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

89

28. des.

um happdrætti í sambandi við skuldabréfalán Flugfélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt skal Flugfélagi Íslands að hafa happdrætti í sambandi við útgáfu sérskuldabréfa vegna útboðs skuldabréfaláns, þannig að sérskuldabréfin séu samtímis tölusett sem happdrættismiðar.

2. gr.

Vinningar í happdrættinu verða flugfarseðlar eða afsláttur af farseðlum með flugvéllum félagsins og verður dregið um þá árlega í 6 ár í aprilmánuði, í fyrsta sinn í apríl 1958. Verðmæti vinninga í hverjum drætti verða kr. 300000.00. Réttur til vinninga fellur á öll skuldabréf lánsins. Dráttur fer fram hjá borgarfélagnum í Reykjavík.

3. gr.

Falli happdrættisvinnur á sérskuldabréf, skal hans vitjað innan fjögurra ára frá útdrætti, ella fellur réttur til vinnings niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.